

Mál nr. 90/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nöfn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 26. febrúar 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 18. mars 2025 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins varð hinn 22. febrúar 2022 árekstur milli A og B en M var ökumaður þeirrar síðarnefndu. Ekki virðist ágreiningur um að ökumaður A hafi átt sök á árekstrinum. M krefst bóta vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu A.

Í málskoti lýsir M versnandi heilsufari frá slysdagi, en hún hafi verið hraust fyrir það og ekki átt við nein meiðsli að stríða. Nú þjáist hún hins vegar af daglegum verkjum sem hamli henni við leik og störf. Hafi hún þá sótt meðferð kiropraktors og sjúkraþjálfara vegna afleiðinga slyssins. Leggur M fram ýmis læknisfræðileg gögn til stuðnings framangreindu.

Fyrirliggjandi er matsgerð dags. 23. janúar 2025. Þar kemur m.a. fram að ekki sé hægt að ráða að meiri líkur en minni séu til þess að orsakatengsl séu milli slyssins og höfuðverkja og verkja frá hnakka, herðum og brjóstbaki sem M hafi lýst við matsfund. Var niðurstaða matsgerðarinnar því sú að M hefði ekki orðið fyrir varanlegu heilsufarslegu tjóni.

Í bréfi V til nefndarinnar er m.a. vísað til fyrrnefndrar matsgerðar, en þrátt fyrir að telja orsakatengsl ósönnuð hafi V fallist á að afla sameiginlegrar matsgerðar. Niðurstaða hennar hafi sem áður segir verið sú að ósannað væri að einkenni M yrðu rakin til slyssins.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til áreksturs hinn 22. febrúar 2022 en sönnunarbyrði þess hvílir á M.

Fyrirliggjandi er sérfræðilegt álit um afleiðingar umrædds slyss á líkamlega heilsu M. Verður ekki annað séð en að öll viðkomandi læknisfræðileg gögn hafi legið fyrir við matið, og að byggt hafi verið á þeim svo og læknisskoðun á M á matsfundi. Matsgerðin er unnin af lækni og lögmanni og talsvert ítarleg. Ekki verður séð að hún sé haldin neinum sérstökum annmörkum. Niðurstaða matsins er sem fyrr segir að M hafi ekki orðið fyrir varanlegu tjóni vegna slyssins og er sú niðurstaða ítarlega rökstudd í samantektarkafli þess.

Nefndarmenn í úrskurðarnefnd í vátryggingamálum búa ekki yfir sértækri læknisfræðilegri þekkingu og telja sig ekki til þess bæra að víkja frá framangreindri niðurstöðu ítarlegs mats óvilhallra og hæfra aðila á afleiðingum slyssins. Verður því að leita annarra leiða í viðleitni til að hnekkja því mati.

Þar sem ekki er sýnt fram á orsakatengsl milli slyssins og þeirra einkenna sem M rekur til þess verður samkvæmt framangreindu að hafna kröfu hennar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 27. maí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir